

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1987

2. mars 1987

15

Nr. 5

LÖG

um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar,
sbr. lög nr. 19/1986, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. A-liðar 7. gr. laganna orðast svo:

Þungaskatt samkvæmt A-lið 4. gr. skal greiða tvisvar á ári. Gjald dagar skattsins eru 1. janúar vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal innheimast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð á gjalddaga. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmarkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma fyrst til framkvæmda við innheimtu þungaskatts vegna ársins 1987.

Gjört í Reykjavík, 2. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

5. febrúar 1987

Nr. 6

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum
og sendiræðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

gerir kunnugt: Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Genf og New York, og aðalræðisskrifstofa í New York.